

Fimmtudaginn 30. október 1997.

Nr. 446/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Kristjáni Halldóri Jenssýni

(Lúðvík Emil Kaaber hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. desember nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, hefur varnaraðili viðurkennt að hafa 10. og 16. október sl. ásamt öðrum framið rán í tveimur verslunum og við þau tækifæri ógnað afgreiðslufólki með hnífi. Þá hefur hann viðurkennt að hafa 13. sama mánaðar hrifsað tösku af aldraðri konu. Sóknaraðili reisir kröfu sína á c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Þrátt fyrir framangreint þykja ekki alveg næg efni til að telja fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. eða 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila, sem virðist eftir gögnum málsins ekki hafa áður sætt refsingu. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1997.

Ár 1997, föstudaginn 24. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssýni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Kristjáni Halldóri Jenssyni, kt. 170980-4419, Vogalandi 12, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 17. desember nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur frá 17. þ. m. sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vegna grunar um aðild að þremur ránum. Lögregla kveður ekki lengur forsendur gæsluvarðhalds á þeim grundvelli og krefst nú gæsluvarðhalds með vísan til c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði hefur í öllum þremur tilvikum viðurkennt að hafa átt hér hlut að máli. Í fyrsta lagi hefur hann játað að hafa í félagi við Karl Eldar Gunnarsson framið rán í versluninni Kjalfelli við Gnoðarvog í Reykjavík föstudagskvöldið 10. þ. m. og að hafa haft uppi hnif með u. þ. b. 15 cm löngu blaði, er ránið var framið. Upp úr krafsinu höfðu þeir 16.000 krónur í reiðufé, sem teknar voru úr peningakassa verslunarinnar.

Í annan stað hefur kærði viðurkennt að hafa hrifsað handtösku af 79 ára gamalli konu í Eskihlíð mánudaginn 13. þ. m., en í töskunni voru 2.500 krónur í reiðufé, sem kærði eyddi ásamt tveimur félögum sínum á sama aldri, er biðu á meðan álangdar í bifreið. Kærði neitar að hafa beitt konuna ofbeldi við verknaðinn.

Loks hefur kærði viðurkennt að hafa í félagi við tvo aðra pilta farið inn í söluturninn Kveldúlf við Sundlaugaveg í Reykjavík fimmtudagskvöldið 16. þ. m. og rænt 47.000 til 48.000 krónum úr peningakassa söluturnsins. Er ránið var framið, hefði hann haft með sér stóran vasahnif og otað honum að starfsstúlkum söluturnsins.

Samkvæmt framansögðu er kærði undir sterkum grun um aðild að tveimur ránum, þar sem hnifur var notaður til að ná settu markmiði, og í þriðja tilvikinu hefur hann viðurkennt að hafa hrifsað tösku af tæplega áttræðri konu, sem var á göngu á einni af götum borgarinnar án þess að eiga sér ills von. Kunna brotin að varða kærða refsingu samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Pegar litið er til þess, að kærði hefur á skömmum tíma átt aðild að þremur brotum og sterkur grunur er um, að a. m. k. tvö þeirra hafi verið framin á ofbeldisfullan hátt, er ástæða til að ætla, að hann muni halda áfram af brotum, meðan málum hans er ekki lokið. Þá er ljóst, að í tveimur tilvikanna eru brotin þess eðlis, að við framningu þeirra hefur almannahagsmunum verið ógnað. Þegar framanritað er virt og með skírskotun til c-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, verður krafa lögreglustjórans í

Reykjavík um gæsluvarðhald yfir kærða tekin til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Kristján Halldór Jensson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. desember nk. kl. 16.
